

Framboð til kirkjuþings

Ásgeir Guðmundur Bjarnason

1. kjördæmi
Reykjavíkurbíofastsdæmi vestra



Kæru prestar og leikmenn, ég heiti Ásgeir Guðmundur Bjarnason. Ég er fæddur og uppalin á Seltjarnarnesi þar sem ég bý ennþá. Gekk í sunnudagaskóla, sótti KFUM samkomur og hlaut kristilegt uppeldi.

Ég hef ávallt litið á mig sem kristinn. Ég er skírður, fermdur og giftur frammi fyrir guði og mönnum. Ég bið bænin mínar á kvöldin en síðustu ár hef ég kannski ekki verið mjög kirkjurækinn. Samt er fátt betra en að sitja í kirkjunni, hlusta á guðs orð og reyna að setja þau í samhengi við nútímann.

Ég hef búið lengst af á Seltjarnarnesi en var svo lánsamur að fara í framhaldsnám í Rekstrarhagfræði í Kaupmannahöfn og vinna síðan í 6 ár eftir framhaldsnám. Á þessum tíma bjó ég meðal annars í Róm og Lundúnum fyrir utan Kaupmannahöfn.

Á þessum tíma kynntist ég fólki frá ýmsum menningarheimum, sótti kirkju með kaþólskum vinum mínum á suður Ítalíu, verið boðið í brúðkaup á Indlandi þar sem athöfnin tók 7 daga og hluti af því var að fara í Shika musteri og hlýða á presta þeirra, upplifa siði þeirra og trúarathafnir.

Allt þetta hefur mótað mig og styrkt mig í þeirri trú að starf kirkjunnar er mikilvægt fyrir menningu okkar og það að gera okkur að betri mönnum (Afsakið að ég tali ekki í hvorukyni en það þýðir ekki að ég hafi neitt á móti þeim sem skilgreina sig sem kynsegin ég er bara þínu gamaldags þegar kemur að því að skrifa og tala, vona að ég móðgi engan).

Núna þegar ég hef meiri tíma, ég er orðinn 65 ára og er farinn að minnka vinnuna og langar að leggja mitt af mörkum til að efla kirkjuna okkar. Við þurfum í sameiningu að efla kirkjuna þannig að hún muni

era hluti af framtíð okkar lands um ókomna framtíð. Það þarf að tryggja fjárhag kirkjunnar til langs tíma þannig að hægt sé að efla starfið.

Ég hef mikla reynslu af félagsstörfum allt frá því að ég var í Grunnskóla hef ég setið í stjórn skólafélaga, íþróttafélaga og góðgerðarfélaga og geri enn. Ég hef verið framkvæmdastjóri í fyrirtæki með yfir 100 starfsmenn.

Ein af sögum Jesú sem ég hef reynt að tileinka mér í öllu sem ég geri er sagan af Miskunnsama Samherjanum, og er hún nokkurs konar mantra fyrir mig í lífinu.

Ég tel að ég geti með reynslu minni og lífsskoðunum haft góð áhrif á þróun kirkjunnar okkar og er tilbúinn til að vinna að heilindum fái ég til þess umboð.